

## Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

### Uppsveitakastið – Styrkur

Í júlí mánuði fór ég af stað með hlaðvarp sem ég kalla Uppsveitakastið. Markmiðið með þessu hlaðvarpi er að gera sameininlegan vettvang fyrir íbúa uppsveita Árnassýslu þar sem hægt er að kynna menn og málefni sem varða þessi fjögur sveitarfélög sem saman mynda uppsveitirnar.

Efnistöð verða vonandi fjölbreytt og margvísleg. Sem dæmi þá er búið að gefa út fjóra þætti núna þar sem rætt hefur verið við oddvita Bláskógabyggðar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um stöðu þessara sveitarfélaga og framtíðarsýn þeirra, fljótlega verður einnig rætt við oddvita Grímsnes- og Grafningshrepps og Hrunamannahrepps. Eins hefur verið rætt við Bessa Theódórsson um hátíðina Flúðir um versló og Erlu Björgu Arnardóttur um útivist og ferðir í uppsveitunum. Búið er að taka upp þátt með Eyrúnu Jónasdóttur, kórstjóra um kórastarf og búið er að skipuleggja þætti um Lionsstarf, heilsueflandi uppsveitir, Blue hotel, hernámsárin í uppsveitunum, starf í björgunarsveitum, Bústólpa og Óskar í Hruna ætlar að fjalla um jólin í sérstökum jólaþætti. Hugmynd mín er að kynna félagasamtök og fyrirtæki ásamt sveitarfélögum og helst myndi ég vilja að haft væri samband við mig þegar einhver verkefni væru í gangi þar sem hægt væri að fjalla um þau. Eins vil ég fá einstaklinga sem hafa frá einhverju merku að segja sem er þá hluti af sögu uppsveitanna og þannig náum við að halda utan um söguna. Markmiðið er að þættirnir verði milli hálf tíma og klukkutíma langir, komi út annan hvern miðvikudag og verði hæfileg blanda af menningu og kynningu.

Áður en ég fór af stað í þetta þá óraði mig ekki fyrir þeim viðbrögðum sem ég hef fengið en þegar þetta er ritað hafa 806 niðurlög átt sér stað og að meðaltali hefur hver þáttur fengið tæplega 200 niðurlög. Þegar nýr þáttur kemur út bætist við hlustun á eldri þætti líka. Á hverjum degi er einhver hlustun en síðasti dagur sem fékk enga hlustun var 11. ágúst. Eins er gaman að segja að 5 sinnum hefur verið hlustað í norður Ameríku og tvisvar í Asíu. Eins hef ég fengið viðbrögð frá Svíþjóð.

Bak við hvern þátt er talsverð vinna en hver þáttur tekur u.þ.b. 16 klst. í vinnu. Undirbúningur og eftirvinnsla er að meðaltali 14 klst. og sjálf upptakan með öllu er um 2 klst. Ég hef hingað til gert þetta ánægjunnar vegna en þætti vænt um ef sveitarfélögin í uppsveitum sæu sér fært að styðja þetta framtak þannig að það verði ekki fjárhagslegur baggi að halda þessu úti. Ég æski þess vegna að Skeiða- og Gnúpverjahreppur styrki gerð þáttanna um kr. 30.000 + vsk. á mánuði.

Samhljóða bréf verður sent sveitarstjórnnum Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps og Hrunamannahrepps.

Brautarholti 09.09.2024

Jónas Yngvi Ásgrímsson